

Borgarráð

Starfshópur um aðgerðir í efnahags- og fjármálum vegna áhrifa af COVID19

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um aðgerðir í efnahags- og fjármálum vegna áhrifa af COVID 19 eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að vera borgarstjóra og neyðarstjórn Reykjavíkurborgar til ráðgjafar varðandi viðbrögð við efnahagslegum afleiðingum COVID 19 faraldurins og leggja fram greiningar og tillögur að aðgerðaráætlunum þess efnis.

Greinargerð:

Covid faraldurinn og viðbrögð gagnvart honum hafa víðtækar neikvæðar efnahagslegar afleiðingar í för með sér. Fyrst í stað í ferðapjónustu og tengdum greinum hennar en einnig sem afleiðing af nauðsynlegum tímabundnum sóttvarnaraðgerðum. Þetta áfall í hagkerfinu kemur í kjölfar kólnunar síðustu mánaða. Sérstakur starfshópur er skipaður til þess að skipuleggja viðbrögð Reykjavíkurborgar við efnahagslegum afleiðingum COVID 19 faraldursins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um aðgerðir í efnahags- og fjármálum vegna áhrifa af COVID 19.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um aðgerðir í efnahags- og fjármálum vegna áhrifa af COVID19

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Covid faraldurinn og viðbrögð gagnvart honum hafa víðtækar neikvæðar efnahagslegar afleiðingar í för með sér. Fyrst í stað í ferðaþjónustu og tengdum greinum hennar en einnig sem afleiðing af nauðsynlegum tímabundnum sóttvarnaraðgerðum. Þetta áfall í hagkerfinu kemur í kjölfar kólnunar síðustu mánaða. Sérstakur starfshópur er skipaður til þess að skipuleggja viðbrögð Reykjavíkurborgar við efnahagslegum afleiðingum COVID 19 faraldursins.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að vera borgarstjóra og neyðarstjórn Reykjavíkurborgar til ráðgjafar varðandi viðbrögð við efnahagslegum afleiðingum COVID 19 faraldursins og leggja fram greiningar og tillögur að aðgerðaráætlunum þess efnis.

Helstu verkefni:

- Meta möguleg skammtíma- og langtíma efnahagsáhrif á rekstur og fjárhag borgarinnar.
- Móta sýn borgarinnar á aðkomu og framlag sveitarfélaga til almennra aðgerða hins opinbera í atvinnu- og efnahagsmálum í ljósi stöðunnar.
- Gera drög að aðgerðaráætlun um fjármögnun grunnþjónustu borgarinnar og öðrum útgjöldum til að styðja við órofna þjónustu- og starfsemi Reykjavíkurborgar í gegnum faraldurinn í samræmi við viðbragðsáætlanir á neyðarstigi.
- Lista upp mögulegar mótvægisáðgerðir borgarinnar. Taka saman kosti og galla við hverja aðgerð og nauðsynlegar forsendur (t.d. lagabreytingar eða styðjandi aðgerðir ríkisins). Gera drög að aðkomu borgarinnar og sveitarfélaga á efnahagslegri aðgerðaráætlun til að bregðast við tímabundnu atvinnuleysi og tekjufalli íbúa og fyrirtækja í Reykjavík.
- Gera áætlun um átak til að auka eftirspurn í hagkerfinu eftir að faraldrinum lýkur. Fyrsta áhersla er á ferðaþjónustu og aðrar þjónustugreinar. Einnig skal meta aðgerðir til þess að auka fjárfestingu og almenn umsvif í efnahagslífinu.
- Uppfæra fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næstu þrjú til fimm ár og undirbúa breytingar á fyrirliggjandi áætlunum í samræmi við ofangreint.

Starfshópurinn skipa:

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri, fjármála- og áhættustýringasvið (formaður).

Birgir Björn Sigurjónsson, sérfræðingur.

Óli Jón Hertervig, eignaskrifstofa, fjármála- og áhættustýringasvið.

Óli Örn Eiríksson, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Helga Benediktsdóttir, fjármála- og áhættustýringasvið.

Gunnsteinn Ómarsson, verkefnisstjóri húsnæðismála.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Til loka árs 2020.

Reykjavík, 19 mars 2020

Dagur B. Eggertsson